

Davíð Rúnar Gunnarsson

Mál: 24-7484 - Yfirferð teikninga
Málsnúmer skipulagsfulltrúa: 1205/2024
Dags/tími: 19.11.2024

Bygging/Svæði
fastanr: / heitinr: H00463
Þinghóll (Deiliskipulag)
460 Tálknafjörður

Ástæða yfirferðar teikninga:
Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar dags. 09.10.2024, þar sem óskað er umsagnar Slökkviliðs um deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær yfir um 7,8 ha og felur í sér lóðir fyrir frístundabyggð, þar af eina með 5 smáhýsum, eina lóð fyrir þjónustu/hótel, leiksvæði, kirkjulóð og kirkjugarð.

Niðurstöður / Athugasemdir:

Slökkviliðin ásamt eldvarnareftirliti hafa miklar áhyggjur af gróðurbruna á þessu svæði þar sem það er vaxið skógi og kjarri í kringum tilvonandi lóðir og byggingar. Ekki er séð að neitt sé fjallað um brunavarnir í tillögunni.

Eldvarnareftirliti óskar eftir að gerð verði brunahönnun á þessi svæði.

þar komi meðal annars fram:

Til hvaða ráðstafana verði gripið á svæðinu til að verja eignir gegn gróðureldum.

Flóttaleiðir tilteknar fyrir íbúa húsanna.

Skipting svæðisins í brunahólf til að auðvelda að eldur breiðist út til annarra svæða.

Davíð Rúnar Gunnarsson | Slökkviliðsstjóri
Slökkvilið Vesturbyggðar
Aðalstræti 63, 450 Patreksfjörður
450-2307 /